

**Fyrirspurn til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra  
um samræmda áfengisstefnu á Norðurlöndum  
frá Jóhönnu Sigurðardóttur.**

**Munnlegt svar.**

Virðulegi forseti!

Háttvirtur 2. þingmaður Reykjavíkur suður, Jóhanna Sigurðardóttir, spyr:

**“Hverjar eru hugmyndir ráðherra um samræmda áfengisstefnu á Norðurlöndum og hverjar verða tillögur Íslands í því efni á aukafundi heilbrigðisráðherra Norðurlanda í október ?”**

Mánudaginn 18. október sl. var haldinn í Kaupmannahöfn fundur heilbrigðis- og félagsmálaráðherra Norðurlanda um áfengismál og stýrði fulltrúi Íslands fundinum. Á fundinum gerðist sá ánægjulegi atburður að ráðherrarnir samþykktu yfirlýsingu um áfengismál og töluðu þannig einum rómi í nokkrum meginatriðum.

Í yfirlýsingunni hvetja ráðherrarnir til aukinnar samvinnu í áfengismálum á vettvangi Norðurlandanna. Þeir leggja áherslu á að löndin beiti sér, ekki síst á vettvangi alþjóðlegra stofnana og samtaka, fyrir því að ekki sé litið á áfengi sem hverja aðra vöru heldur vöru sem hefur bæði áhrif á heilbrigði þjóða og félagslegar aðstæður í löndunum. Ráðherrarnir benda sömuleiðis á að alþjóðavæðing og alþjóðleg viðskipti hafi torvelað löndunum að framfylgja áfengismálastefnu sem ákvörðuð er í hverju landi fyrir sig. Jafnframt lýsa ráðherrarnir yfir áhyggjum sínum af áhrifum aukinnar neyslu á lýðheilsu og undirstrika jafnframt samband áfengisneyslu og félagslegra afleiðinga.

Loks sammæltust norrænu ráðherrarnir um að vinna saman að því að halda fram heilbrigðissjónarmiðum og félagslegum sjónarmiðum á vettvangi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, gagnvart Alþjóða-viðskiptastofnuninni og síðast en ekki síst í samskiptum sínum við Evrópusambandið. Í því sambandi samþykktu ráðherrarnir að hvetja til þess að Evrópusambandslöndin hækkuðu skattlagningu á áfengi í því skyni að draga úr neyslunni og koma í veg fyrir misnotkun áfengis.

Háttvirtur 2. þingmaður Reykjavíkur suður spyr ennfremur:

**“Hversu miklu á íbúa ver hvert ríki á Norðurlöndum til áfengis- og fíkniefnaforvarna?”**

Það liggja ekki fyrir nákvæmar upplýsingar um hversu háum upphæðum er á ári hverju varið til áfengis- og fíkniefnaforvarna. Umrædd starfsemi er ekki aðeins hluti af starfsemi Lýðheilsustöðvar, SÁÁ og annarra samtaka heldur er hún verulegur þáttur í starfi heilsugæslu, sjúkrahúsa og annarra heilbrigðisstofnana. Er þá bæði átt við fyrsta stigs og annars stigs forvarnir. Það er mat heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins að árlega sé 8 – 10% af heilbrigðisútgjöldum varið til forvarna og u.þ.b. 1/3 hluti þeirra renni til áfengis- og vímuefnaforvarna. Þetta hlutfall er í stórum dráttum í samræmi við það sem gerist í nágrannalöndum okkar.

Virðulegi forseti.

Loks spyr háttvirtur 2. þingmaður Reykjavíkur suður:

**“Telur ráðherra að samræma eigi áfengiskaupaaldur því sem gerist annars staðar á Norðurlöndum varðandi kaup á léttvíni og bjór þannig að hann verði 18 ár og mun ráðherra beita sér fyrir auknu fjármagni til forvarna ef sú leið verður valin hér á landi?”**

Heilbrigðisráðherra telur ekki ástæðu til þess að lækka áfengiskaupaaldur hér á landi. Verði sú leið hins vegar valin á næstu árum mun að sjálfsögðu verða gripið til aðgerða í fræðslumálum og forvörnum til þess að sporna við aukinni áfengisneyslu ungs fólks.

(Talað orð gildir)